

haft rétt að mæla. Hvers vegna skyldi líka blaðinu vera svo auðt um að gjöra mig og aðra, er í svipaðri stöðu standa í kirkjufélagi þessu, hataða og fyrirhlegla í augum almennings, ef það ekki væri fyrir þá sök, að því er svo nauðugla við málefnið, sem vér höfum verið kallaðir til að vinna hér að. Því blaðið veit þó mjög vel, að vér höfum ekki troðið oss upp á almennings hér, heldur er það fólk, sem beðið hefir um vora ófullkomnu þjónustu. Og að því er sjálfan mig snertir veit líka blaðið mjög vel, að vilji fólk vort verða laust við mig, þá þarf það alls ekki mikið fyrir því að hafa að fá mig burt. Svo þessar persónulegu skammir þess blaðs um oss get eg ekki tekið öðruvísi, hversu mikið sem vissulega má út á oss setja, en sem greinilegasta merki upp á óvild þeirra manna, er því blaðið stýra, til málefni þess, sem hið íslenska kirkjufélag hefir meðferðis. Af hvaða rótum illyrða-austrinn, sem „Fjallkonan“ hefir látið út yfir oss og kirkjufélag vort ganga, er sprottið, býst eg varla við að neinum þeim dyljst, sem því vantrúarinnar málgaðni er nokkuð kunnugr. Og svo skal eg nefna einn mann heima á Íslandi, sem nú í seinni tíð hefir fundið ástæðu til þess út af hinni anlegu vatnsveitingahugsan minni að halda beinlínis móti mér fyrirlestr í stúdentafélaginu í Reykjavík. Það er hinn ungi pólitíski maður Páll Briem. Hann jatar þar hreinskilnislega, hvað hann hræðist í minni vatnsveitinga-hugmynd.

Hann líkir mér við gamla Guðbrand biskup Dorláksson, sem eiginlega verklega gróðrsetti Lúterdóminn í Þjóðkirkju Íslands. Eg tek mér náttúrlega til æru. Væri eg nokkuð líkt því eins duglegr við andlegar vatnsveitingar eins og sá maður var, þá gæti eg í fullri alvöru sagt, að eg væri góðr í vötnum. Hver Íslendingr, sem gæti verið það fyrir þennan tíma, sem sá maður var fyrir sinn, hann þyrfti sannarlega ekki að skammast sín. Vitaskuld misskilr Páll Briem Guðbrand biskup alveg og þá öld, er hann var uppi á, þar sem hann ætlar volæðis-ástandið á Íslandi eftir hans dag eiga rót sína að rekja til þess kristindóms-lífs, er með honum kviknaði í landinu. Slíkr dómr ber þess órækan vott, að herra Páll hefir ýmugust á þeim andlegu straumum, er kristindóminn fylgja. Hann er lafluræddr um, að ef kristindómurinn verðr hinn ráðandi lífsstraumur hjá Þjóðinni, þá komi hinn ófrelsis- og eyndaröld yfir Ísland. Það gengr að honum sami sjúkdómurinn og báðum blöðum, sem eg nefndi, þeim „Heimskringla“ og „Fjallkonunn“, — eins konar tegund af *hydrofobia*. Þér vitið margir, ef ekki allir yðar, hvaða sjúkdómur það er, sem vanalega er kallaðr með þessu nafni. *Hydrofobia* er grískt orð og þýðir vatnshræðsla. Það er óskiljanlegr, en hræðilegr sjúkdómur, sem hundar stundum fá, helzt í sjóðheitu veðri um mitt sumar. Deir verða óðir og hræðast vatn meira en heitan eldinn. Og í þessu